

STARFSÁÆTLUN HÖFÐASKÓLA

2025-2026



*Í starfsáætlun Höfðaskóla eru upplýsingar um skipulag
starfsins í skólanum, nám og félagslíf nemenda,
starfsfólk, skóladagatal
og fleira sem einkennir starf skólans.*

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skal hún unnin í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Umsagnaraðilar um starfsáætlun eru skólaráð og fræðslunefnd.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir starfstíma skólans, skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi og almennar, hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers árs. Nánari upplýsingar um skólann má nálgast á heimasíðu skólans.

Grunnupplýsingar

Um Höfðaskóla

Öll almenn kennsla fer fram í aðalbyggingu Höfðaskóla. Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi sveitarfélagsins sem stendur á lóð grunnskólans. Sundlaugin er við Einbúastíg. Skólahjúkrunarfræðingur hefur aðstöðu í aðalbyggingu.

Heimasíða og símanúmer

Heimasíða: www.hofdaskoli.is

Netfang: hofdaskoli@hofdaskoli.is

Símanúmer: 452 2800

Íþróttahús: 452 2750

Sundlaug: 452 2806

Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um skólastarfið, auk tengla á gagnlegar slóðir fyrir nemendur, kennara og foreldra. Skólinn setur þar að auki inn upplýsingar á fésbókarsíðu skólans.

Höfðaskóli byggir á gömlum grunni. Fyrir 1939 byggðist kennsla á farkennslu en haustið 1939 hófst fast skólahald á Skagaströnd og voru nemendur þá 46 talsins. Við upphaf skólaársins 2024-2025 eru 65 nemendur skráðir í skólann. Samkennsla/teymiskennsla er nánast á öllum skólastigum.

Skipting nemenda í námshópa á skólaárinu


Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.	2	4	6	Vigdís Elva Þorgeirsdóttir , vigdiselva@hofdaskoli.is
2.	4	2	6	Vigdís Elva Þorgeirsdóttir , vigdiselva@hofdaskoli.is
3.	5	5	10	Gísli Ragnarsson og Jenný Lind Sigurjónsdóttir , gisli@hofdaskoli.is og jennyvind@hofdaskoli.is
4.	4	1	5	Gísli Ragnarsson og Jenný Lind Sigurjónsdóttir , gisli@hofdaskoli.is og jennyvind@hofdaskoli.is
5.	1	1	2	Halla María Þórðardóttir, hallamaria@hofdaskoli.is
6.	3	2	5	Halla María Þórðardóttir, hallamaria@hofdaskoli.is
7.	2	5	7	Halla María Þórðardóttir, hallamaria@hofdaskoli.is
8.	2	4	6	Elva Þórisdóttir og Þorgerður Þóra Hlynsdóttir, elvath@hofdaskoli.is og qiaaa@hofdaskoli.is
9.	5	5	10	Elva Þórisdóttir og Þorgerður Þóra Hlynsdóttir, elvath@hofdaskoli.is og qiaaa@hofdaskoli.is
10.	3	4	7	Elva Þórisdóttir og Þorgerður Þóra Hlynsdóttir, elvath@hofdaskoli.is og qiaaa@hofdaskoli.is

Starfsfólk

Stjórnskipulag skólans Höfðaskóli -Skipuriti apríl 2025

Skipuritið var endurgert vorið 2025. Það á eftir að staðfesta skipurit í skólaráði en það verður gert í vetur.

Höfðaskóli



Starfsfólk Höfðaskóla

- Berglind Hlín Baldursdóttir, deildarstjóri sérkennslu – berglindhlin@hofdaskoli.is
- Berglind Sólrós Helgadóttir, þroskaþjálfari – berglindros@hofdaskoli.is
- Elva Þórisdóttir, umsjónarkennari – elvath@hofdaskoli.is
- Finnbogi Guðmundsson, íþróttakennari – finnbogi@hofdaskoli.is
- Fjóla Dögg Björnsdóttir, leiðbeinandi – fjoladogg@hofdaskoli.is
- Gísli Ragnarsson, umsjónarkennari – gisli@hofdaskoli.is
- Guðrún Elsa Helgadóttir, staðgengill skólastjóra – gudrunelsa@hofdaskoli.is
- Halla María Þórðardóttir, umsjónarkennari – hallamaria@hofdaskoli.is
- Jenný Lind Sigurjónsdóttir, leiðbeinandi með umsjón – jenny lind@hofdaskoli.is
- Kristbjörg Dúfa Ragnheiðardóttir, leiðbeinandi – kristbjorgdufa@hofdaskoli.is
- Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri – saradilja@hofdaskoli.is
- Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, umsjónarkennari – vigdiselva@hofdaskoli.is
- Þorgerður Þóra Hlynisdóttir, umsjónarkennari – gigga@hofdaskoli.is

Stuðningsfulltrúar og frístundarleiðbeinendur

- Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, stuðningsfulltrúi – astrosvilla@hofdaskoli.is
- Daniela Esme Ortega, matráður og frístundaleiðbeinandi – daniela@hofdaskoli.is
- Ellen Lind Sigurjónsdóttir, stuðningsfulltrúi og frístundaleiðbeinandi – ellenlind@hofdaskoli.is
- Eva Dís Gunnarsdóttir, stuðningsfulltrúi – evadis@hofdaskoli.is
- Hallfríður Ósk Óladóttir, skólaliði – haddy@hofdaskoli.is
- Hrafnkell Heiðarr Sigurðarson, stuðningsfulltrúi – hrafnkell@hofdaskoli.is
- Ívan Orri Eiríksson, skólaliði
- R. Sandra Ómarsdóttir, bókasafnsvörður – bokasafn@hofdaskoli.is
- Svenný H. Hallbjörnsdóttir, stuðningsfulltrúi – svenny@hofdaskoli.is

Aðrir starfsmenn

- Arnar Viggósson, umsjónarmaður íþróttamannvirkja – ithrottahus@skagastrond.is
- Jóna Margrét Sigurðardóttir, starfsmaður íþróttahúss og sundlaugar – sundlaug@skagastrond.is
- Sigríður Stefánsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur – sigidur.stefansdottir@hsn.is

Starfsþróunaráætlun

Starfsþróunaráætlun skólans má sjá í heild sinni á heimasíðu skólans. Skv. henni vinna stjórnendur og starfsfólk saman að áætlun um Starfsþróunaráætlun á hverju skólaári. Skólinn reynir eftir fremsta megni að skipuleggja fræðslufundi, námskeið og skólaheimsóknir fyrir sitt starfsfólk. Starfsmenn eru hvattir til að sýna frumkvæði um að sækja námskeið og ráðstefnur sem þeir telja að nýtist þeim í starfi.

Starfsþróunaráætlun skólans verður endurskoðuð í vetur bæði að formi og innihaldi. Áhersla skólans í vetur verður á áætlanagerð í kennslu og endurskoðun áætlanagerð í kjölfar endurskoðunar á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Í starfsþróunaráætluninni mun koma fram ítarlegri lýsing á áherslum skólans til tveggja ára og lýsing á fyrirkomulagi starfsþróunar starfsmanna.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélags á vinnustað er viðkemur framkvæmd

kjarasamnings og upplýsingamiðlun til félagsmanna. Trúnaðarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn. Öryggistrúnaðarmaður er *Berglind Sólrós Helgadóttir*

Trúnaðarmaður kennara er *Berglind Sólrós Helgadóttir*

Trúnaðarmaður annarra starfsmanna er *Svenny Helena Hallbjörnsdóttir*

Starfsáætlun nemenda

Skólastarf nemenda hefst kl. 8:20 alla daga. Upplýsingar um stundaskrár nemenda er að finna á Mentor og á heimasíðu skólans. Google classroom er notað á unglingastigi til að halda utan um nám nemenda.

Mentor verður Námfús

Skólinn hefur hafið innleiðingu á námsumsjónarkerfinu Námfús. Allir kennarar og foreldrar munu hafa aðgang að Námfús og samskiptin við heimilin og upplýsingar um nám nemenda mun birtast þar. Innleiðingin mun taka einhvern tíma en markmiðið er að í vetur verði kerfið innleitt og að um áramót í það minnsta verði innleiðingin orðin að veruleika.

Skólareglur Höfðaskóla

Samkvæmt reglugerð nr.1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur þar sem fram koma skýr viðbrögð við brotum á reglunum. Stuðla skal að jákvæðri hegðun og því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda. Skólareglur eru fyrst og fremst settar til þess að skapa frið og næði til náms í skólanum. Áhersla er lögð á jákvæð og góð samskipti milli nemenda innbyrðis og milli nemenda og starfsfólks. Einnig miðast reglurnar að því að veita þeim vernd sem minna mega sín. Þá eru og gerðar kröfur um góða umgengni í skóla og á skólalóð.

Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og skal leitast við að ná góðri sátt um þær. Á hverju hausti skulu skólareglurnar ræddar innan skólans, þær kynntar nemendum og foreldrum þeirra og þær birtar á heimasíðu skólans. Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, ábyrgð og skyldur.

Símasáttmáli Höfðaskóla

Við í Höfðaskóla tókum þá ákvörðun, haustið 2025, að vera símalaus skóli. Þessi ákvörðun er tekin með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Markmiðið er að stuðla að betra námsumhverfi, aukinni einbeitingu og jákvæðum félagslegum samskiptum.

Skóladagatal

[Skóladagatal Höfðaskóla fyrir skólaárið 2025-2026](#) má sjá á heimasíðu skólans. Kennsla fellur niður á skipulagsdögum/starfsdögum kennara en það eru þrettán dagar á skólaárinu, þ.m.t. fimm dagar að hausti áður en kennsla hefst og einnig þrír dagar að vori, eftir að kennslu lýkur. Ýmsa aðra daga er brugðið frá hefðbundnum skóladegi, en þá eru m.a. foreldra-og nemendasamtöl, jólaskemmtun og árshátíð.

Sundkennsla fer fram í ágúst, september, október, mars, apríl og maí.

Nemendaviðtalsdagar – foreldraviðtöl

Nemendaviðtöl eru ætluð til viðtala foreldra, nemandanna og umsjónarkennara og fara fram að lokinni fyrstu sex vikna lotu að hausti. Í febrúar eru foreldraviðtöl í lok fyrstu lotu ársins þar sem foreldrar mæta án barna sinna og hitta umsjónarkennara. Ef þörf er á lengra viðtali en 15 mínútum er fundinn annar tími í samráði við foreldra.

Starfsdagar/skipulagsdagar

Starfsdagar eru sameiginlegir starfsdagar kennara og annarra starfsmanna. Nemendur koma ekki í skólann þessa daga en kennarar vinna að skipulagi, undirbúningi kennslu, námsmati, þróunarstarfi, sjálfsmati og fleiru er lýtur að skólastarfi.

Starfsdagar á starfstíma skóla eru:

- 13. október, undirbúningsdagur
- 2. janúar, undirbúningsdagur
- 2. febrúar, undirbúningur fyrir viðtalsdag
- 24. apríl, undirbúningsdagur
- 4. maí, undirbúningsdagur

Þess utan eru fimm starfsdagar að hausti fyrir skólasetningu og þrír eftir skólaslit að vori.

Jólaleyfi og páskaleyfi

Jólaleyfi hefst 19. desember og stendur til og með 2. janúar en þá er starfsdagur starfsmanna skólans. Nemendur koma úr jólaleyfi 5. janúar. Páskaleyfi er dagana 28. mars - 6. apríl 2026

Vetrarfrí

Vetrarfrí verður 1.-5. nóvember sem og 13.-17. febrúar.

Sérstakir dagar

Eins og undanfarin ár dvelur *7. bekkur í Reykjaskóla í Hrútafirði* í við leik og störf. Í þetta sinn verður dvölin 10.-13.nóvember.

Opið hús og góðgerðarvika verða 23. október og stigskemmtanir í vikunni 24.-28.nóvember.

Litlu jólin verða haldin síðasta kennsludag fyrir jólafrí, 18. desember.

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Þangað fer 5. bekkur í heimsókn á vordögum.

Nemendur þátt í *Íþróttadegi* skólanna í Húnavatnssýslum og unglingar taka þátt í *valgreinadögum*.

- 9.október, valgreinadagur unglingastigs á Blönduósi
- 29.apríl, íþróttadagur unglingastigs á Skagaströnd
- 7.maí, íþróttadagur miðstigs á Hvammstanga

Félagslíf nemenda

Umsjónarkennarar halda utan um allt uppábrott sinna bekkja, s.s. bekkjarkvöld, litlu jól og atriði á árshátíð/stigskemmtun.

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfa nemendafélag í grunnskólum. Á það að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendafélag Höfðaskóla er skipað fulltrúum af unglingastigi, kosið er til eins árs í senn og má sjá upplýsingar um félagið á heimasíðu skólans.

Mötuneyti Höfðaskóla

Mötuneyti Höfðaskóla er staðsett í Fellsborg en aðstaða er í skólanum til að borða hafragraut og hafa ávaxtastund.

Frístund

Nemendum 1.-4. bekkja býðst lengd viðvera í Frístund. Þrír starfsmenn sjá um Frístund. Leitast er við að hafa starfið í Frístund sem fjölbreytilegast með áherslu á sköpun, útvist og leik. Börn sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskólann og/eða íþróttastarf í íþróttahúsinu, eiga þess kost að sinna því samhliða dvöl í Frístund.

Forföll starfsmanna

Þegar kennari forfallast er reynt eftir fremsta megni að skipuleggja forfallakennslu. Ritari tekur á móti forfallatilkynningum og manna forföll.

Fréttir af starfi skólans

Skóladagatal, starfsáætlun og aðrar lýsingar á starfi skólans má nálgast á [heimasíðu skólans](#). Þar birtast einnig jafnóðum fréttir af starfinu. Nemendur og foreldrar fá nánari skýringar á daglegu starfi með tölvupóstum sem sendar eru út í gegnum Námfús frá kennurum og stjórnendum.

Bókasafn skólans

Á skólasafninu eru fræðibækur, heimildarit og skáldverk sem nemendur og kennarar geta nýtt sér. Safnið er áskrifandi að nokkrum tímaritum.

Umsjónarmaður skólasafnsins er *Sandra Ómarsdóttir*

Útfærsla skólans á Aðalnámskrá grunnskóla

Menntastefna sveitarfélagsins

Menntastefna sveitarfélagsins er leiðarljós um skipulag náms og kennslu í Höfðaskóla. Með innra starfi leitast skólinn við að uppfylla skilyrði menntastefnunnar og aðalnámskrár. Með kerfisbundnu innra mati á menntastefna sveitarfélagsins að birtast í skólastarfinu. Í vetur er fyrirhugað að leggja áherslu á innra mat og að leggja grunninn fyrir kerfisbundið innra mat í skólanum framvegis.

Megináherslur og þróunarverkefni vetursins

Skólinn mun áfram leggja áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti og námsmat. Nemendur í 10.bekk eiga allir sínar spjaldtölvur, nemendur í 5.-9.bekk hafa aðgang að spjaldtölvum sem og nemendur á yngsta stigi. Nemendur á unglingastigi hafa einnig aðgang að chromebooks.

Nemendum á unglingastigi Höfðaskóla er gert kleift að stunda nám á framhaldsskólastigi í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Eftirfarandi atriði eru í forgrunni er kemur að starfsháttum skólans skólaárið 2025-2026

- *Teymisvinna.*

Teymiskennsla byggir á samvinnu og felur í sér að tveir/þrír kennarar skipuleggja, framkvæma og meta nám fyrir fjölbreyttan nemendahóp þar

sem sveigjanleiki og námsaðlögun á sér stað eftir þörfum. Hvert teymi tekur sameiginlega ábyrgð á kennslu nemenda og notar til þess fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir

- *Fjölbreyttir kennsluhættir og námsmat ; leiðsagnarmat.* Við leggjum áherslu á að kennsluhættir séu sem fjölbreyttastir og miði að því að undirbúa nemendur undir starfshætti 21. aldarinnar. Námsmat þarf að taka mið af fjölbreytileikanum og því þarf að beita sem fjölbreyttustu aðferðum þegar kemur að því að meta kunnáttu og hæfni nemenda. Nú þarf að leggja áherslu á að kennsluhættir og námsmat taki mið af nýjum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla þar sem meta skal hæfni fyrst og fremst. Endurmenntun kennara mun eins og fyrr segir snúast um þessa þætti í vetur.

Áætlanagerð áhersluatriði 2025-2028

Hæfniviðmið aðalnámskrár hafa verið endurskoðuð og þar af leiðandi verður mikilvægur þáttur í skólastarfinu í vetur að kennsluáætlanir útfrá nýjum hæfniviðmiðum. Námsvísar tengja saman kennsluáætlanir og vísa veginn yfir árið. Námsvísir er aðgengilegir á heimasíðu skólans og markmið að kennsla og nám sé í samræmi við áætlanir. Þessi endurskoðun á áætlunum verður þriggja ára verkefni innan skólans. Að þremur árum loknum á verklag og skipulag náms og kennslu að vera gagnsætt og aðgengilegt öllum hagaðilum skólans.

Skólaárinu er skipt upp í tvær annir en námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina. Umsjónarkennarar skulu upplýsa forráðamenn reglulega um námsframvindu nemenda sinna.

Skóladagar nemenda

- [stundatöflur](#) - eru á heimasíðu skólans.

Kennsla hefst kl 8:20 en skólahúsnæðið er áfram opið frá kl. 7:30 á morgnana. Kennslustundir eru 40 mínútur. Frá kl. 9:00-10:00 er hafragrautur og ávaxtastund í boði fyrir nemendur og starfsmenn.

Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum 1. - 4. bekkja lengd viðvera í [frístund](#) til kl. 16:00. Stuðningsfulltrúar og skólaliði sjá um gæslu í frímínútum.

Hádegishlé nemenda sem er 40 mínútur er kl.12:00 – 12:40 alla daga.

Nemendur sækja sundtíma í sundlaugina við Einbúastíg. Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsinu við skólann.

Val nemenda í 8.-10. bekk

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Leitast er við að hafa námsframboð sem fjölbreytilegast og nýta starfskrafta sem best. Valgreinar eru kenndar sex vikna lotum í samræmi við námsvísi og í honum kemur fram hverjar áherslurnar eru hverju sinni.

Hagnýtar upplýsingar

Nýir nemendur

Þegar nýr nemandi kemur í skólann, kallar umsjónarkennari hann og forráðamann hans á sinn fund áður en formlegt skólastarf hefst. Umsjónarkennari sýnir honum skólahúsnæðið og kynnir hann fyrir starfsfólki skólans. Móttökuáætlun nýrra nemenda má sjá á heimasíðu skólans. Móttökuáætlun skólans er í endurskoðun skólaárið 2025-2026.

Forföll og leyfi nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda strax í upphafi skóladags í síma 452-2800. Ef nemandi þarf að fá leyfi hluta úr degi eða heilan skóladag skal hafa samband við umsjónarkennara. Þegar um lengri tíma er að ræða en tvo daga skal sækja skriflega um leyfi til skólastjórnenda. Eyðublað má finna á heimasíðu skólans, undir flípanum „**Skólastarfið**“.

Það er alfarið á ábyrgð forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi. Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein, þ.e. frávik frá aðalnámskrá, gera forráðamenn og skólastjóri með sér undirritaðan samning.

Frímínútur.

Frímínútur eru kl. 9:40-10:00 alla morgna. Nemendur yngsta-og miðstigs fara út í frímínútum sínum. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar eru á gæslu í frímínútum. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að hafa samband við umsjónarkennara þurfi nemandi að vera inn í frímínútum. Mikilvægt er að nemendur séu klæddir eftir veðri. Nemendur unglingastigs hafa val um hvort þeir séu inni eða úti í frímínútum. Nemendur unglingastigs geta farið í íþróttahúsið þrjá daga vikunnar í frímínútum.

Farsímar/rafrænir tónlistarspilarar.

Höfðaskóli er [símalaus skóli](#). Spjaldtölvur er stór hluti skólastarfs Höfðaskóla og þ.a.l. eru þær leyfðar en ákveðnar reglur gilda um notkun þessarra tækja.

Tapað – fundið

Mikilvægt er að nemendur séu ekki með peninga í skólanum að nauðsynjalaus. Ef nemandi finnur eða glatar einhverju í skólanum skal hann tilkynna það umsjónarkennara sínum eða húsverði. Allar eigur nemanda, s.s. töskur, fót, skór o.fl. skal merkja vel. Óskilamunir eru í vörslu húsvarðar og á foreldradögum og á skólaslitsdegi er þeim safnað saman á einn stað þar sem forráðamenn geta leitað týndra muna. Að ári liðnu er óskilafatnaði komið til Rauða krossins.

Slys, tjón og bætur

Skólinn greiðir reikninga vegna komu nemenda á slysadeild vegna meiðsla sem orðið hafa í skóla eða á skólalóð á skólatíma og í ferðum á vegum skóla. Aðeins er um tvær fyrstu komur að ræða. Reikningar vegna stoðtækja eru ekki greiddir. Tjón á eignum nemenda, s.s. fatnaði, tækjum hvers konar, gleraugum o.fl. er ekki bætt. Skólastjóri staðfestir að óhappið hafi átt sér stað í skólanum til að forráðamenn geti leitað til sinna tryggingafélaga.

Skólaþjónusta

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í skólaþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í vetur verður verklag við stoðþjónustu rýnt og skilgreint enn betur með áherslu á skráningu á grunn færni nemenda og skýru verklagi við skimanir.

Nemandi í vanda – hvert skal leita

Í meðfylgjandi töflu má fá upplýsingar um hvert foreldrar/forráðamenn eiga að snúa sér ef barnið þeirra á við vandamál að etja. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að umsjónarkennarinn er lykilpersóna sem tengiliður við skólaþjónustuna.

Ofbeldi	Hvert á að leita? <i>Eðlilegt er að leita ætíð fyrst til umsjónarkennara</i> Umsjónarkennari/ Skólastjórnmundur	Aðrir sem geta komið að málum. Fer eftir eðli máls hverju sinni. Sálfræðingur Lögregla Nemendaverndarráð Félagsþjónustan
Einelti	Umsjónarkennari Skólastjórnmundur Náms-og starfsráðgjafi	Skólahjúkrunarfræðingur Sálfræðingur Nemendaverndarráð
Vanræksla	Umsjónarkennari Skólastjórnmundur	Sálfræðingur Nemendaverndarráð

	Skólahjúkrunarfræðingur	Félagsþjónustan
--	-------------------------	-----------------

8

Óöryggi – veik sjálfsmynd – kvíði	Umsjónarkennari Skólahjúkrunarfræðingur Náms-og starfsráðgjafi	Sálfræðingur
Sorg, ástvinamissir eða skilnaður	Umsjónarkennari Náms-og starfsráðgjafi Skólastjórnendur	Áfallaráð Sálfræðingur Prestur
Grunnur um fíkniefn notkun	Umsjónarkennari Skólastjórnendur Skólahjúkrunarfræðingur Náms-og starfsráðgjafi	Sálfræðingur Nemendaverndarráð Félagsþjónustan Lögreglan
Hegðunar röðugleikar	Umsjónarkennari Skólastjórnendur	Náms-og starfsráðgjafi Sálfræðingur Nemendaverndarráð
Samskip taörðugleikar	Umsjónarkennari Stigstjóri Skólastjórnendur Náms-og starfsráðgjafi	Nemendaverndarráð Sálfræðingur
Almennir og sértækir námsörðugleikar	Umsjónarkennari Sérkennari Skólastjórnendur Náms-og starfsráðgjafi	Sálfræðingur Nemendaverndarráð

Stoðþjónusta

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi og því er sveitarfélögum skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Stuðningur og sérkennsla eru ætluð þeim sem þurfa meiri hjálp við nám sitt en kennarar geta veitt í almennum kennslustundum

Sérkennsla eða stuðningur við nám getur verið með ýmsu móti, s.s.:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Það felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðstæðum.

- Stuðningsmiðuð kennsla þar sem ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá. Þá er stuðningsfulltrúi inni í bekk, vegna námsörðugleika eða hegðunarvandamála. Námsver Höfðaskóla er undir stjórn verkefnisstjóra sérkennslu. Með verkefnisstjóra starfa stuðningsfulltrúar, ýmist inni í bekk eða í Námsveri.
- Verkefnisstjóri sérkennslu ásamt sérfræðingum Félags- og skólaþjónustu A-Hún á Blönduósi vinna greiningar á þroska, lestrarfærni og fleiri þáttum í samráði við foreldra viðkomandi nemanda.

Almennur stuðningur

Starf stuðningsfulltrúa og sérkennslu skiptist í nokkra þætti:

- a) Aðstoð stuðningsfulltrúa við nemendur inni í bekk, vegna námsörðugleika eða hegðunarvandamála.
- b) Aðstoð við nemendur utan bekkja. Þessi aðstoð byggist á því að vera ýmist með ákv. nemanda/nemendum inni í bekk eða utan bekkjar t.d. í Námsveri. Nemendur geta fengið sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, s.s. kennara og foreldra.

Nemendavernd

Í Höfðaskóla er starfrækt nemendaverndarráð í samræmi við grunnskólalög og reglur um nemendaverndarráð. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði Höfðaskóla sitja skólastjórnendur, deildarstjóri sérkennslu, fræðslustjóri, skólahjúkrunarfræðingur, ráðgjafi frá Félagsþjónustu og þroskaþjálfari kemur inn á fundi eftir þörfum. Kennarar vísa málum til nemendaverndarráðs. Þeir hafa tilkynningaskyldu gagnvart ráðinu ef þeir hafa grun um að nemendur séu vanræktir á einhvern hátt. Ef um tilkynningar um vanrækslu er að ræða tilkynna umsjónarkennarar skólastjórnendum málið, stjórnendur koma þá málinu til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð fundar hálfsmánaðarlega á starfstíma skólans.

Náms- og starfsráðgjöf

Í vetur er ekki starfandi náms- og starfsráðgjafi við Höfðaskóla en verið er að skoða í samráði við Félags- og skólaþjónustuna, hvaða leið verður farin í þeim efnum.

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta sem og önnur skólaþjónusta við Höfðaskóla fer í gegnum Félags-og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu sem staðsett er á Blönduósi.

Heilsugæsla

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við þau bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Skólahjúkrunarfræðingur kemur inn í lífsleikni og/eða almenna kennslu til að fræða nemendur og vekja þau til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilbrigði og líferni. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í samvinnu við forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda og situr í nemendaverndarráði. Nemendur geta komið á viðverutíma skólahjúkrunarfræðings og rætt þau mál sem þeim liggur á hjarta og eins geta foreldrar leitað eftir ráðgjöf skólaheilsugæslunnar varðandi vellíðan, andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Skólahjúkrunarfræðingur hefur aðsetur í aðalbyggingu Höfðaskóla alla föstudaga kl. 9:00 – 12:00.

1. **bekkur - 6 ára** - hæð, þyngd, sjón og heyrn.
2. **bekkur - 7 ára** - hæð, þyngd, sjón og lit skynjunar próf.
4. **bekkur - 9 ára** - hæð, þyngd og sjón.
7. **bekkur - 12 ára** - hæð, þyngd, sjón og litaskyn. Bólusett gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum.
9. **bekkur - 14 ára** - hæð, þyngd sjón og heyrn. Bólusett gegn mænusótt, stífkrampa, kíghósta og barnaveiki (ein sprauta).

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag

Skv. 9.gr. laga um grunnskóla eru foreldrafélög lögbundin. Því skal við hvern grunnskóla starfa foreldrafélag. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Sjá [lög um grunnskóla](#) frá 2008. Formaður foreldrafélagsins er *Vigdís Elva Þorgeirsdóttir*

Mat á skólastarfi

Innra mat

Skv 36.gr. grunnskólalaga skal hver skóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Skólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt ásamt áætlun um umbætur. Allir starfsmenn skólans taka þátt í vinnuferlinu, í gagnaöflum, með viðtölum við foreldra, vinnu við líðan- og tengslakannanir ásamt því að taka þátt í rýnihópum um hin ýmsu mál er snerta skólastarfið.

Skólinn notar greiningartæki *Skólapúlsins* meðal annars við gagnaöflun, líðan- og tengslakannanir, foreldra- og starfsmannaviðtöl, niðurstöður samræmdra mælinga frá MMS, kennsluáætlanir, almennt námsmat skólans, kennara- og starfsmannafundi, teymisfundi, rýnihópavinnu og ýmsar skimanir til þess að ná í sem fjölbreyttastar og áreiðanlegastar upplýsingar við vinnu að sjálfsmati.

Í vetur verður lögð áhersla á að endurskoða fyrirkomulag innra mats og koma á kerfisbundnu innra mati með áherslu á innra matið sjálft, útbúa langtímaáætlun, ársáætlun um innra mat og að innra mats skýrsla verði birt í vor sem lýsir því hvernig matið fór fram.

Samráð og eftirlit

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald (sjá reglugerð 1157/2008). Skólaráð fundar eftir þörfum. Á heimasíðu skólans má sjá hverjir sitja í skólaráði hverju sinni. Skólaráð fundar að hausti og vori.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki

Höfðaskóli hefur átt náið samstarf við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki (FNV). Nemendur geta tekið einingabært nám í Höfðaskóla í samstarfi við FNV. Einnig er nemendum í 10.bekk boðið á vordögum í

heimsókn í verkgreinadeild skólans og fá góða kynningu á því námi.

Tónlistarskóli A-Húnvetninga

Á Skagaströnd er starfandi tónlistarskóli á vegum Tónlistarskóla A-Húnvetninga og er hann til húsa í næsta nágrenni við Höfðaskóla. Nemendur sækja tíma á skólatíma, samkvæmt svokallaðri „fljótandi stundatöflu“, þ.e. nemendur fara úr kennslustund en gætt er þess að nemendur missi ekki alltaf af sömu kennslugreininni.

Leikskólinn Barnaból

Gott samstarf er milli leikskólans og grunnskólans. Skólahópur leikskólans er í góri samvinnu við umsjónarkennara á yngsta stigi. Umsjónarkennari í 1.-2. bekk býður skólahópi í heimsókn í lok október og einu sinni í viku eftir það.

Ýmsar áætlanir

Öryggi nemenda og starfsfólks.

Rýmingaráætlun, viðbrögð við vá.

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta, s.s. veikindafaraldurs, óveðurs, bruna eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna. Áfallaráð skólans ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd mála eftir því sem við á. Rýmingaráætlun er í gildi og hangir uppi í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega og haldin rýmingaræfing. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þurfa þykir.

Í skólanum er brunavarnarkerfi, namar sem skynja hita og reyk ásamt brunaboðum. Gerist þess þörf að rýma skólann er gefið merki með samfelldri hringingu skólabjöllu. Teikning af stystu leið út úr skólanum er í hverri skólastofu og yfirlitsteikningar af útgönguleiðum eru báðum hæðum skólans og í íþróttahúsi.

Kennari stýrir því á hvaða hátt nemendur yfirgefa skólastofu og leiðir þá að ákveðnu „söfnunarsvæði“ fyrir utan skóla. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Óveður

Skólahald er í Höfðaskóla á meðan stætt er. Það heyrir til undantekninga ef skólahald fellur niður vegna veðurs. Foreldrum er hins vegar í sjálfsvald sett hvort þeir sendi börn sín í skóla þegar aðstæður þykja varhugaverðar. Ef vont veður skellur á á skólatíma skulu foreldrar sækja börn sín á fyrirfram ákveðnum tíma eða gefa leyfi til að þau fari sjálf heim. Þegar um fárviðri er að ræða, aflýsir skólastjóri skóla kl. 7 að morgni, í gegnum sms kerfi Mentors.

Persónuverndarstefna.

Skv. nýjum lögum um persónuvernd skal hverjum skóla gert að gera sér persónuverndarstefnu. Hún mun birtast á heimasíðu um leið og hún er tilbúin og skólaráð sem og fræðslunefnd hafa fengið hana til skoðunar.

Endurskoðun áætlana

Á skólaárinu 2025-2026 er fyrirhugað að vinna ítarlegan lista af áætlunum skólans og koma á góðu verklagi við endurskoðun áætlana. Jafnframt er fyrirhugað að endurskoða áætlanir ef það vill svo til að nauðsynlegt reynist að virkja áætlanirnar í vetur.

Áætlanir sem fyrirhugað er að endurskoða í vetur:

1. Móttaka nýrra nemenda
2. Starfsáætlun metin að vori.
3. Starfsþróunaráætlun, endurskoða form og innihald. Á að gilda til tveggja ára.